

sbr. þó 13. gr. nefndra laga 1883. Þetta ástand væri mjög óheppilegt. Því **79**
þykir rjettast eftir atvikum, og sjerstaklega þar sem tvo bæjarfulltrúa vantaði á **20. maí**
fundinn 18. mars þ. á., að lögregluþjónssýslanin verði auglýst laus af nýju með
hæfilegum fresti og síðan veitt eins og lög mæla fyrir, en þangað til setjið þjer
hæfan mann til að gegna sýslaninni.

Þetta er yður hjermeð tjáð til eftirbreytni og birtingar fyrir bæjar-
stjórninni.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu *um flutning* **80**
þingstaðar. **23. maí**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 29. f. m., og
beiðni hreppsnefndarinnar í Öxnadalshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki
sitt til þess að þingstaður nefnds hrepps verði að Þverá í Öxnadal, enda annist
hreppsnefndin um það að jafnan verði til á þingstað þessum hæfilegt hús til
þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari
birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu *um flutning* **81**
þingstaðar. **23. maí**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 29. f. m., og
beiðni hreppsnefndarinnar í Árskógshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki
sitt til þess, að þingstaður nefnds hrepps verði framvegis að Litla-Árskógssandi,
enda annist hreppsnefndin um það, að jafnan verði til á þingstað þessum hæfi-
legt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu *um kjörtímabil*
sýslunefndarmanna. **82**

Stjórnarráðið hefir 26. þ. m. sent yður, herra sýslumaður, svohljóðandi **31. maí**
simskeyti:

»Með simskeyti í dag hafið þér skýrt stjórnarráðinu frá að þjer 23. þessa
mánaðar hafið felt úr gildi ályktun sýslunefndar Suður-Múlasýslu á aðalfundi 22.
þessa mánaðar um að Guðmundur Ásbjarnarson skuli sitja á fundinum sem sýslu-
nefndarmaður Eskifjarðarhrepps. Með því að stjórnarráðið telur þenna úrskurð
yðar andstæðan lögum, hefir það samkvæmt 81. grein sveitarstjórnarlaganna felt
nefndan úrskurð yðar úr gildi. Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og
birtingar fyrir sýslunefndinni, að því viðbættu, að ástæður fyrir þessum úrskurði
stjórnarráðsins verða birtar yður brjeflega með næsta pósti«.

Þetta staðfestist hjermeð.

82

31. maí.

Úrskurður stjórnarráðsins er svohljóðandi:

Með símskeyti 23. þ. m. skýrði Guðmundur prestur Ásbjarnarson stjórnarráðinu frá því, að þjer, herra sýslumaður hefðuð þann dag felt úr gildi með úrskurði eftir 81. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 43, 10. nóv. 1905, ályktun sýslunefndar Suður-Múlasýslu á aðalfundi daginn áður um, að hann skyldi eiga sæti á fundinum sem aðalsýslunefndarmaður Eskifjarðarhrepps, og beiddist hann þess jafnframt, að stjórnarráðið skæri úr þessum ágreiningi. Áður en frekara var gjört útaf þessu sendi stjórnarráðið yður símskeyti og taldi þar, að yður, eins og hjer stóð á, bæri að skýra stjórnarráðinu samkvæmt 81. gr. sveitarstjórnarlaganna tafarlaust simleiðis frá þessum úrskurði yðar. Með símskeyti yðar 26. þ. m. hefir stjórnarráðinu síðan borist skýrsla um málið, er hefir inni að halda meðal annars nefndan úrskurð yðar með rökum yðar fyrir honum.

Málavextir eru þeir, að Guðmundur prestur var 22. júní 1910 á manntalsþingi á Eskifirði kosinn aðalsýslunefndarmaður fyrir Eskifjarðarhrepp, en á manntalsþingi sama staðar 20. þ. m. var kosinn nýr aðalsýslunefndarmaður fyrir hreppinn, Bjarni hreppstjóri Sigurðsson. Hinn 22. þ. m. hófst aðalfundur sýslunefndar Suður-Múlasýslu á Eskifirði og tók þá þegar hinn nýkosni sýslunefndarmaður Bjarni Sigurðsson, sem áður var varasýslunefndarmaður, sæti á fundinum sem aðalsýslunefndarmaður Eskifjarðarhrepps. Guðmundur prestur skýrir frá, að hann hafi ekki komið á fundinn þegar hann hófst vegna þess að hann um morguninn hafi komið að úr prestþjónustuferð, en síðar um daginn kom hann á fundinn og krafðist þar sætis með því að 6 ára kjörtímabil sitt væri ekki útrunnið. Báruð þjer þá upp tillögu til ályktunar um, að Guðmundi presti væri ekki heimilt að sitja fundinn. Þessi tillaga var feld með atkvæðum 6 sýslunefndarmanna gegn atkvæði yðar og 4 sýslunefndarmanna, en hins vegar samþykkt tillaga til ályktunar frá sýslunefndarmanni Mjóafjarðarhrepps um, að Guðmundi presti væri bæði rjett og skylt að sitja þenna sjötta og síðasta aðalfund kjörtímabilsins, með sömu 6 atkvæðum sem greidd voru á móti hinni tillögunni, gegn sömu 5 atkvæðunum, sem greidd voru henni. Að svo búnu frestuðuð þjer fundi til næsta dags. Í fundarbyrjun þann dag bókuðuð þjer úrskurð samkvæmt 81. gr. sveitarstjórnarlaganna, þar sem feld er úr gildi nýnefnd ályktun sýslunefndarinnar um, að Guðmundur prestur Ásbjarnarson skyldi eiga sæti á fundinum, og hinsvegar ákveðið, að Bjarni hreppstjóri Sigurðsson skuli eiga þar sæti sem fulltrúi Eskifjarðarhrepps.

Í ástæðum yðar fyrir úrskurði þessum tilfærið þjer það, að að visu sje kjörtímabil sýslunefndarmanna talið 6 ár í sveitarstjórnarlögunum, en þetta beri þó ekki að skilja sem 6 almanaksár, heldur sem tímabilið frá manntalsþingi, þegar kjörið var, til manntalsþings á síðasta ári kjörtímabilsins. Teljið þjer að svo beri og svo sje venja að líta á kjörtímabil hreppsnefndarmanna, að umboð þeirra gildi frá kjördegi í júnimánuði til kjördags í júnimánuði 6 árum á eftir, enda vísi ákvæði sveitarstjórnarlaganna um sýslunefndir til ákvæða þeirra um hreppsnefndir. Ennfremur vísið þjer til þess með tilliti til ákvæða 62. gr. sveitarstjórnarlaganna, að 6 almanaksára kjörtímabil sýslunefndarmanna geti eftir atvik-

um leitt til þeirrar fjarstæðu, að kjósa þurfi á einu og sama manntalsþingi aðal- **82**
sýslunefndarmann til nokkurra daga og annan til næstu 6 ára. Ennfremur bendið **31. maí**
þjer á vandkvæði í þessu máli sjerstaklega, út af því, að Bjarni hreppstjóri hafi
setið fundinn í byrjun og tekið þar þátt í meðferð mála og verið kosinn í nefnd-
ir. Loks víkið þjer að því og teljið efasamt, hvort Guðmundur prestur, væri
hann talinn aðalsýslunefndarmaður, hefði úr því að hann vantaði fyrst á fund-
inn, rjett til að krefjast, að Bjarni hreppstjóri, sem í samræmi við hitt ætti þá
að telja varasýslunefndarmann, viki sæti á fundinum er Guðmundur prestur kæmi.

A þetta verður þó ekki fallist.

Samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1915 skal kjósa sýslu-
nefndarmenn til 6 ára. Undantekningar frá þessu eru:

1. Samkvæmt 61. gr. sömu laga, sú undantekning, að eftir 3 ár liðin
frá því er fyrsta sýslunefndarkosning fór fram eftir gildistöku sveitarstjórnar-
laganna, fór helmingur eða meiri hlutinn frá.

2. Ef hreppi er skift, sjá 64. gr.

3. Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni.

Þótt sýslunefndarmenn sjeu kosnir á manntalsþingum, raskar það ekki
áðurnefndu 6 ára kjörtímabili, og tilætlun löggjafans getur ekki verið sú, að
sýslumenn gætu haft áhrif á lengd kjörtímabilsins með ákvörðun um manntals-
þingahaldið, þótt þeim sje hinsvegar skylt að halda manntalsþing á þeim tíma,
að sýslunefnd geti verið löglega skipuð.

Tilvísun yðar í afleiðingar þess, ef ályktun meiri hluta sýslunefndar væri
rjett, skiftir ekki máli. Það eru einmitt sömu afleiðingarnar, sem ákvæði 62. gr.
sveitarstjórnarlaganna hlýtur að hafa í för með sjer, samkvæmt berum orðum
sínun, nema svo standi á, að varamaður verði að sitja næsta sýslufund eftir
burtför aðalmanns úr nefndinni af því að eigi verði unt að kjósa svo snemma í
sæti aðalmanns, sem frá er farinn.

Um það, hvernig farið sje með samsvarandi tilfelli í hreppsnefndum,
liggja eigi fyrir upplýsingar. En ákvæði sveitarstjórnarlaganna eru líka glögg
um það, og kjörtímabilið þar hið sama með tilsvarende undantekningum og
nefndar voru um sýslunefndir.

Þótt varasýslunefndarmaður tæki fyrst sæti á fundinum, þá er aðalmanni
jafnrjett og skylt að taka þar sæti jafnskjótt sem hann kemur.

Einnig skiftir það engu máli, þótt varanefndarmaður tæki þátt í meðferð
mála, því rjettur aðalmanns raskast ekkert við það til að sitja fundinn og gegna
þar starfi sínu.

Guðmundur prestur Ásbjarnarson var kosinn 22. júní 1910. Því er sam-
kvæmt framansögðu kjörtímabil hans sem sýslunefndarmanns útrunnið 22. júní
þ. á. Honum var því rjett og skylt að sitja á sýslufundi þeim í Suður-Múlasýslu,
sem settur var 22. þ. m. Úrskurður yðar um það atriði verður því að teljast
lögum andstæður, og ber því að fella hann úr gildi.

82

Því úrskurðast.

31. maí

Framangreindur úrskurður sýslumanns um, að Bjarni hreppstjóri Sigurðsson skuli eiga sæti sem aðalsýslunefndarmaður Eskifjarðarhrepps á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu þ. á., er úr gildi feldur, og stendur þá ályktun sýslunefndar tjeðrar sýslu um, að Guðmundur prestur Ásbjarnarson eigi sæti á fundinum sem aðalsýslunefndarmaður tjeðs hrepps, óhöggð.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni.

83

Brjef stjórnarráðsins til skattanefndarinnar í Fljótshlíðarhreppi *um kostnað við 5. júní mat á eftirgjaldi jarða í sjálfsábúð.*

Jafnframt því að senda skattanefndinni meðfylgjandi landssjóðsávisun, að upphæð kr. 17.00, til endurgjalds reikningi yfir kostnað við mat á eftirgjaldi jarða í sjálfsábúð í Fljótshlíðarhreppi, er fylgdi brjefi 22. apríl þ. á., skal þess getið, að stjórnarráðið hefir að þessu sinni ávísað fullri upphæð reikningsins, en annars ber að skilja brjef stjórnarráðsins, dags. 17. mars þ. á., til allra skattanefnda, á þann veg, að það að eins taki til þeirra jarða í sjálfsábúð, er eftirgjald þeirra er svo lágt, að eigi nær tekjuskattsgjaldi samkvæmt I. kafla tekjuskattslaganna, og ber þá fyrir matið að greiða samkvæmt 21. gr. sömu laga.

84

Brjef stjórnarráðsins til landssímastjórans *um tímareikning við símabjónustu.*
21. júlí Eftir móttöku brjefs yðar, herra landssímastjóri, dags. 17. þ. m., veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að 24 stunda klukka verði notuð við símaviðskifti hjer á landi frá og með 1. ágúst næstkomandi, bæði að því er snertir innlend viðskifti og erlend.

Þetta birtist yður hjermeð til leiðbeiningar, frekari ráðstafana og birtingar.

85

Brjef stjórnarráðsins til fasteignamatsnefndar Suður-Múlasýslu *um greiðslu 22. júlí á kaupí fasteignamatsnefnda.*

Með brjefi, dagsettu 6. þ. m., hefir fasteignamatsnefnd Suður-Múlasýslu farið þess á leit, að hún framvegis geti fengið kaup sitt útborgað mánaðarlega, annaðhvort á skrifstofu Suður-Múlasýslu, eða í útibúi Íslandsbanka á Seyðisfirði. Ennfremur fara nefndarmenn fram á að fá greidda aukabókun fyrir eftirvinnu, eða fyrir það sem þeir starfa að matinu fram yfir 10 stundir á dag.